

# Lög

## um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (vernd gegn mismunum).

### 1. gr.

Ný 180. gr. laganna verður svohljóðandi:

Hver sem í atvinnurekstri eða þjónustustarfsemi neitar manni um vörur eða þjónustu til jafns við aðra á grundvelli þjóðernis hans, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða eða kynhneigðar skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

Sömu refsingu varðar að neita manni um aðgang til jafns við aðra að opinberum samkomustað eða öðrum stöðum sem opnir eru almenningi.

### 2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 233. gr. a laganna:

- Í stað orðanna „hóp manna“ kemur: mann eða hóp manna.
- Í stað orðanna „kynþáttar eða trúarbragða“ kemur: kynþáttar, trúarbragða eða kynhneigðar.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Samþykkt á Alþingi 10. desember 1996.*